



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

7. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Vigdísarhúsi að Sólheimum 20. mars 2023 klukkan 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Valgeir F. Backman, fulltrúi Sólheima undir 1. lið

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

1. Undirbúningur fyrir Hátíðarhöld á Þjóðhátíðardegi Íslands, 17. júní 2023

Hátíðarhöldin verða að Sólheimum í ár. Fulltrúi Sólheima, Valgeir F. Backman mætti á fundinn. Farið var yfir helstu atriði varðandi dagskrána.

Drög að dagskrá 17. Júní

- 13:00 Skróðganga
Gengið frá Tjörninni, fram hjá Sólheimahúsi og inn í Íþróttaleikhús.
 - Safnast saman við tjörnina.
 - Hægt að leggja hjá Sesseljuhúsi og Vigdísarhúsi
 - Fá bílastæðavísa (jafnvel frá Sólheimum)
 - Athuga með trommur, hristur og kúabjöllur (Valgeir)
 - Jafnvel tónlist úr soundboxi (ath hjá skólanum, Pétur)
 - Sveitafélagið skaffar veifur og fána.
- 13:30 Hátíðardagskrá í Íþróttaleikhúsinu.
 - Kynning frá formanni nefndarinnar (5-10 mín.)
 - Hátíðarræðumaður (10 mín.)
 - Fjallkona (10 mín.)
 - Hvatningarverðlaun (10 mín.)
 - Skemmtiatriði Leikfélags Sólheima (10 mín.)
- Skemmtidagskrá á Péturstorgi
 - Tónleikar
 - Blaðrarar
 - Valgeir athugar með útileikföng sem eru til á Sólheimum.
 - Andlitsmálning.
 - Grillaðar pylsur til sölu til styrktar góðu málefni.
Í ár verður það Skátafélag Sólheima sem sér um og selur pylsur.
 - Kaffihúsið Græna Kannan opin



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

- Sögusafn Sólheima opið ? (Valgeir)
- ATH með að kaupa úti leikföng til að eiga fyrir 17. júní.
- Endað á DJ?

Útbúið verður kort af Sólheimum með merkingum fyrir bílastæði og hvaðan verður gengið. Kortið verður birt í Hvatarblaðinu. Auglýst verður tímanlega að hátíðarhöldin fari fram á Sólheimum þetta árið.



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

2. Atvinnumálastefna Uppsveita Árnessýslu

Drög að atvinnumálastefnu eru kominn. Næsti fundur í starfshópnum verður 18. apríl. Fyrir þann fund verða komnar athugasemdir frá sveitastjórnnum og nefndum.

Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps sendi inn niðurstöður úr umræðum um atvinnustefnu og tækifæri í uppsveitunum.

Niðurstöður Ungmennaráðs :

Kostir og gallar við að búa í uppsveitunum: erfitt að komast á milli staða, lélegar almenningssamgöngur, góður skóli, umhverfið er ekki yfirþyrmandi (jákvætt), gott samfélag, langt á milli staða og langt í þjónustu, náði samfélag þar sem allir þekkjast,

SVOT:

Styrkleikar: Sumt er hægt að gera hér en ekki annars staðar, vel greidd fyrir vinna unglunga sum staðar, frekar hægt að fá vinnu fyrir unglunga.

Veikleikar: lítil fjölbreytni í störfum miðað við aðra staði, lítil tækifæri fyrir unglunga

Áskoranir: að komast á vinnustað ef langt að fara,

Tækifæri: aðra rennibraut sundlaugina til að trekkja fleiri að, svo var rætt um skort á skemmtilegri afþreyingu þannig að þar gæti mögulega verið tækifæri

Fyrir næsta fund verður nefndin búin að skoða drög að Atvinnumálastefnu Uppsveitanna og gera athugasemdir sem ræddar verða á þeim fundi.

3. 25. ára afmæli sveitarfélagsins.

Enn er í skoðun að hafa ball í félagsheimilinu. Ania ætlar að tala við sveitastjóra varðandi þetta mál.

Athuga ætti með markaðsmál sveitafélagsins. Jafnvel gera átak í auglýsingum á þjónustu og afþreyingaraðilum í sveitarfélaginu og tengja það gerð nýs dagatals.

Í sumar verður haldin ljósmyndasamkeppni um sveitarfélagið. Myndirnar verða svo birtar í dagatali GogG sem verður endurvakið og gefið út í janúar 2024.

Eins og áður þá verða þar upplýsingar um alla þjónustuaðila í sveitarfélaginu.

Vorið 2024 verður Borg í sveit endurvakið.

Næsti fundur verður haldinn 11. apríl að Brún við Írafoss.

Fundi slitið klukkan 18:40